

Fundargerð Skólanefnd.

3. fundur

Fundur í skólanefnd 05.03.2007 kl. 17:30 í Reykjahlíðaskóla.
Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Eyþór Pétursson, Ásdís Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Sólveig Jónsdóttir, Auður Jónsdóttir og Þóra Óttósdóttir (kom síðar inn á fundinn).

1. Danskennsla.

Sveitastjórn er búin að samþykka að danskennsla verði árviss atburður. Sólveig talaði um að það yrði líklega seinni partinn í október.

2. Nafn skólans.

Einnig er sveitastjórn búin að samþykka og bóka að grunnskóli Skútustaðahrepps fái nafnið Reykjahlíðaskóli. Skólanefnd leggur til að efnt verði til samkeppni um merki fyrir Reykjahlíðaskóla. Skólastjóri hefur umboð um dómaranefnd ef úr verður.

3. Næsta skólaár.

Breyting á stundaskrá. Skólastjóri talaði um að 1.-4. bekk verði kennd enska í 40 mínútur á viku. Nemendur hafa ekki byrjað fyrr en í 5. bekk að læra ensku. Einnig er fyrirhugað að kenna á næsta ári 1. 2. og 3. bekk saman. Nemendur í þessum þremur bekkjum eru ekki nema 12. Jafnframt er fyrirhugað að kenna 4. og 5. bekk saman, 6. og 7. bekk saman, 8. og 9. bekk saman og 10. bekk sér.

4. Skóladagatal.

Skóladagatal og skipulag var kynnt en ákveðið að taka fyrir á næsta fundi (fundarmenn fengu með sér fyrirhugað skóladagatal).

Önnur mál:

Kom upp spurning vegna lækkunar á vsk almennt á mótuneytum. Mótuneytið er gert upp á vorin og jafnað út þannig að engin ástæða er til að gera athugasemd við kostnað eða lækkun vegna virðisaukabreytingu 1. mars sl.

Leikskólamál.

Leikskólastjóri mætti og fór yfir stöðu mála í leikskólanum. Leikskólinn er opinn frá 08:05-16:30. 11 börn eru í leikskólanum núna og liggja fyrir 2 umsóknir fyrir 1.mai. Opnun á föstudögum til 16:30 hefur verið ágætlega nýtt. 12.8 barnagildi eru í leikskólanum.

Starfsmannabreytingar hafa verið aðeins í leikskólanum. Unnur minkaði við sig niður í 70% tímabundið. Sigga tók að sér 20% og situr fyrir í afleysingum. Hulda er í 62% stöðu og Þóra í 71% stöðu þar af 60% inn á deild. Freyja hefur einnig verið mikið í afleysingum.

Leikskólinn sendi inn spurningu varðandi námskrá sem að var búið að setja upp. Langt er síðan spurningin fór inn á skrifstofu sveitastjóra en ekki hefur komið svar við henni.

En spurningin er: **Hvert er megið markmið sveitarfélagsins með rekstri leikskólans?**

Ítrekar skólanefnd hér með að fá svar við þessari spurningu.

Unnur sagði að foreldrahandbók sem verið er að vinna að sé komin langt á veg.

Þarf að skila inn til Menntamálaráðuneytis og þarf því að klára þessa könnun.

Eins og er eru starfsdagar leikskólans tveir á ári og er þá leikskólinn lokaður á meðan.

Leikskólastjóri fer fram á að fjölga starfsdögum úr tveimur á ári í fjóra.

Skólanefnd mælir með því að sveitastjórn samþykki það.

Úttekt var gerð á leikskólavellinum í haust og kom skýrslan vægast sagt illa út.

Ítrekar leikskólastjóri við sveitastjórn að taka út leikskólasvæðið og vinna í að gera hann löglegan.

Skólanefnd leggur áherslu á að verkið verði unnið sem fyrst á faglegum nótum áður en alvarleg slys hljóttast af.

Leikskólastjóri fer fram á að lengja sumarfríslokun um eina viku úr fjórum í fimm vikur.

Skólanefnd styður að sveitastjórn verði við því.

Nýjir samningar segja til um að starfsmenn eigi að hafa sér hlífðar- og útiföt. Útheimtir það sér skápa aðstöðu starfsmanna.

Skólanefnd leggur til að starfsmenn njóti þeirra réttinda og biður sveitastjórn að íhuga vel að samningum leikskólakennara.

Leikskólastjóri spyr hvort hreppurinn ætli að loka á þau börn sem ekki eiga lögheimili hér en koma til að dvelja um lengri eða skemmri tíma og sækja um vistun.

Skólanefnd styður að veita börnum inngöngu ef pláss leyfir gegn sama gjaldi og börn sem að eiga lögheimili hér.

En að þau börn hafi þó ekki forgang á leikskólaplássi.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 19:30

Hrafnhildur Geirsdóttir
Steinunn Ósk Stefánsdóttir
Eyþór Pétursson
Ásdís Jóhannesdóttir
Þórhalla Valgeirsdóttir